



Alviðra
fræðslusetur

Til sveitarfélaganna Ölfus og Árborgar
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborg
Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss

Efni: Göngu- og hjólaleið meðfram Ölfusá og Soginu að brúnni yfir Sogið við Þrastarlund

Ágætu bæjarstjórar

Eins og ykkur er kunnugt eru jarðirnar Alviðra og Öndverðarnes II eign Héraðsnefndar Árnesinga og Landverndar, landgræðslu og umhverfisverndarsamtaka Íslands. Þar hefur undanfarna áratugi farið fram fjölbreytt starfsemi til að efla þekkingu á náttúru landsins og stunda heilnæma útvist.

Frá hlaðinu í Alviðru er gönguleið upp á Ingólfsfjall. Um Öndverðarnes II meðfram Soginu og Ölfusá er sérlega falleg gönguleið um kjarrivaxið svæði með ríkt fuglalíf og fjölbreyttan gróður á ármótum jökulár og lindár. Norðanmegin við Öndverðarnes II er Þrastarlundur í eigu UMFÍ þar sem er að finna tjaldstæði og góðar gönguleiðir. Þá eru Snæfokstaðir í nánd þar sem er kjörlendi til útvistar í ræktuðum yndis- og nytjaskógi Skógræktarfélags Árnesinga.

Eins og framangreind upptalning sýnir eru möguleikar til útvistar og náttúruskoðunar ótakmarkaðir á landi sem er í eigu framangreindra félaga og má því telja almannaeygn. Þessa möguleika mætti nýta betur í framtíðinni til upplifunar, fræðslu og heilsubótar með því að bæta tenginguna við þéttbýlissvæðin sunnan og vestan Ingólfsfjalls með göngu- og hjólastígum.

Innan stjórnar Alvriðrustofnunar, sem fer með málefni Alviðru og Öndverðarnes II, hefur verið viðruð sú hugmynd að tengja mætti Alviðru og Öndverðarnes II nærliggjandi þéttbýlisstöðum með göngu og hjólaleiðum. Nánar tiltekið mætti leggja slíka leið frá brúnni yfir Sogið meðfram bökkunum og tengja það göngustígakerfi Árborgar. Samskonar tenging í átt að ströndinni til Þorlákshafnar mætti einnig sjá fyrir sér þegar fram líða stundir. Í fyrirbyggjandi áætlunum er gert ráð fyrir hjólastíg á milli Árborgar og Hveragerðis sem myndi opna svæðið fyrir hjólreiðarfólk frá Hveragerði.

Segja má að þessi hugmynd sé af sama meiði og fram kemur í bréfi frá Samtökum Sunnlenskra Sveitarfélaga, dagsett 24. mars 2020, um hjólaleiðir á Suðurlandi.

Með þessu bréfi hvetur stjórn Alvriðrustofnunar sveitarfélögin Árborg og Ölfus til að taka þessa hugmynd til skoðunar og umræðu og leita leiða til að koma þeim inn á það aðalskipulag sem gildir fyrir svæðið sem hér að framan er vísað til.

Með vinsemd og góðri kveðju,

Tryggvi Felixson, formaður stjórnar Alvriðrustofnunar (sign)

Smári B. Kolbeinsson, fulltrúi Héraðsnefndar Árnesinga í stjórn Alvriðrustofnunar (sign)

Afrit:

UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri

Skógræktarfélag Árnesinga, Böðvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Skógræktarfélags Árnesinga,

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis